

Fundur hjá Foreldrafélagi Verzlunarskóla Íslands, fimmtudaginn 17.janúar 2013.

Mættir: Elín Thorarensen formaður, Lena Lenharðsdóttir ritari, Árni S. Mathiesen, Katrín Helgadóttir, Unnur Ingólfssdóttir og Guðrún Vala Ólafsdóttir

- 1) **Skólanefnd.** Valin fulltrúi í skólanefnd V.Í. Fulltrúi foreldra verður boðaður á ákveðna fundi skólanefndar yfir veturinn. Elín Thorarensen kosin með öllum greiddum atkvæðum.
- 2) **Heimili og skóli.** Heimili og skóli boða til fundar 31.janúar og er öllum foreldrum framhaldsskóla boðið að sitja fundinn. Nokkrir fulltrúar úr stjórn mæta.

Fundurinn verður haldinn á fræðsluskrifstofu Heimilis og skóla, Suðurlandsbraut 24.
Dagskrá

20.00 – Ketill Berg Magnússon, formaður Heimilis og skóla, setur fundinn með stuttu ávarpi.

20.05 – Björg Pétursdóttir, deildarstjóri hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, kynni nýja námskrá fyrir framhaldsskóla.

20.25 – Fyrirspurnir um námskrárkynningu.

20.45 – Kaffipása.

21.00 – Forvarnarfulltrúi verður með stutt innlegg um foreldrastarf í framhaldsskólum.

21.10 – Hagnýtum spurningum varpað til fundargesta: a) Til hvers er ætlast af foreldrum framhaldsskólanema?

b) Hvaða málefni eru á dagskrá hjá foreldrafélögum framhaldsskóla? 21.30 – Frjálsar umræður.

22.00 – Fundarlok.

3) Starfið á vorönn.

a) **Böll.** Þrjú böll eru fyrirhuguð á vorönn. Fyrsta ballið er Nemó ballið sem verður líklega haldið á Broadway 7 febrúar. Vel hefur gengið að manna foreldragæsluna á böllum vetrarins og óhætt að segja að fyrir utan að allt hefur gengið vel þá hafi foreldrar skemmt sér ágætlega.

b) **Skíðaferð.** Kanna þarf hvort farið verði í skíðaferð á vegum skólans eins og undanfarin ár en þær ferðir hafa þótt heppnast mjög vel .

c) **Fundur með nemendaráði.** Stefnt að því að hitta fulltrúa nemendaráðs V.Í á vordögum og heyra í þeim hljóðið.

4) Önnur mál.

a) **Eineltisáætlun V.Í.** Spurt hvort til sé eineltisáætlun fyrir V.Í.

b) **Könnun á líðan nemenda.** Spurt hvort lögð sé fyrir könnun á líðan nemenda og hvar sé hægt að sjá niðurstöður slíkrar könnunar.

c) **Fræðslufundur.** Spurning hvort foreldrafélagið stendur fyrir fræðslufundi fyrir foreldra og þá hvenær slíkur fundur ætti að vera og um hvað? Veltum því aðeins fyrir okkur en gott væri að fá ábendingar frá foreldrum um efni.

d) **Brunaæfingar í V.Í.** Spurt hvort brunaæfingar séu í V.Í og þá hversu oft yfir veturinn.

e) **Fundur með skólastjórnendum.** Stefnt að fundi með skólastjórnendum um miðjan apríl.

Fundargerð ritaði Lena Lenharðsdóttir

